

Kirkjuþing 2020-2021.
32. mál-þskj. 32.

T I L L A G A
til þingsályktunar um greiðslur útfarakostnaðar.
(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af forsætisnefnd.
Frsm. Drífa Hjartardóttir.

Kirkjuþing 2020 ályktar að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa tryggi að prestar fái greidda óskerta þóknun og aksturskostnað samkvæmt gjaldskrá kirkjuþings vegna þjónustu við útfarir. Heimild þessi gildir frá 1. ágúst til og með 31. desember 2020.

Greinargerð.

Hinn 30 júní sl. voru samþykkt lög nr. 95/2020 þar sem m.a. var samþykkt breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993. Með þeirri breytingu var felld á brott skylda kirkjugarðsstjórna að greiða prestum þóknun vegna þjónustu við útfarir. Í greinargerð með breytingarlögunum segir m.a.:

Þarna er verið að ná fram markmiðum sem felast í svokölluðum viðbótarsamningi sem fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar undirrituðu 6. september 2019. Með viðbótarsamningi fylgdi viljayfirlýsing, undirrituð af sömu aðilum. Í viljayfirlýsingu kemur fram að stefnt sé að því að kirkjugarðar hætti að greiða fyrir prestþjónustu við útfarir, kistulagningar og athafnir við jarðsetningu duftkers eða kistu. Til að koma til móts við það var lögð til breyting á 2. mgr. 10. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993. Fram kom í yfirlýsingunni að kirkjugarðsstjórnir hafi borið þennan kostnað frá gildistöku þeirra laga, en því verkefni hafi ekki fylgt sérstök fjárhæð til kirkjugarðanna. Breytingin hafi því verið fjárhagslega íþyngjandi fyrir kirkjugarðana og sé stefnt að því að færa verkefnið til fyrra horfs.

Ákvæði laganna frá 1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu um að kirkjugarðsstjórnir bæru kostnað af prestþjónustu vegna útfara var þá nýmæli. Það hafði verið gagnrýnt að misjafnt væri eftir landshlutum hvaða þjónustu menn fengju greidda af kirkjugarðsgjöldum og að niðurgreiðsla kostnaðar ylli mismunun eftir því hverjir sæju um útför. Þessi breyting miðaði að hlutleysi gagnvart því hvar athöfn færi fram og hver sæi um útförina. Talið var að víðast ættu kirkjugarðsstjórnir að geta greitt það sem lögin legðu þeim á herðar, en í undantekningartilvikunum mundi Kirkjugarðasjóður hlaupa undir bagga.

Eins og segir hér að framan fylgdi ekki sérstök fjárhæð til kirkjugarða vegna skyldu laganna að greiða fyrir prestþjónustu og með skerðingu ríkisins á gjöldum til kirkjugarða á undanförunum árum hefur fjárhagur garðanna versnað til muna. Nú er svo komið að flestar kirkjugarðsstjórnir geta ekki lengur sinnt lögbundinni þjónustu sinni svo sómi sé af. Allt frá

árinu 2009 hefur verið vakin athygli á misgengi samkomulagsins frá 2005 milli kirkjugarðaráðs og ríkisvaldsins um greiðslur til kirkjugarða. Af fjármálaáætlun núverandi ríkisstjórnar fyrir árin 2020 til 2024 (5 ára áætlun) virðist svo komið að ríkið muni afhenda kirkjugörðum til reksturs, framlag sem hefur verið skert um rúmlega 40% miðað við samkomulagið frá 2005.

Á þessu kirkjuþingi er lögð fram tillaga að gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar. Þar kemur fram að þóknun reiknist í einingum og ákvarði kirkjuþing verð hvernar einingar þegar þurfa þykir. Vísað er til 8. máls kirkjuþings 2020, tillögu til þingsályktunar um gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar um kostnað vegna útfara.

Fram hefur komið í erindi stjórnar Prestafélags Íslands til biskupsstofu að prestar treysti sér ekki til að innheimta greiðslur fyrir þjónustu við útfarir hjá dánarbúum. Þeir telji að starfskjör presta séu sett í óvissu og ljóst sé að aðstæður presta til þess að annast þessa innheimtu vegna útfara séu ólíkar, t.d. með tilliti til stærðar prestakalla, samstarfs við útfararþjónustur eða aðra aðila sem hugsanlega gætu tekið slíka innheimtu að sér o.fl. Þá megi einnig halda því fram að greiðsluseðill frá presti vegna prestsþjónustu við andlát sé óheppileg birtingarmynd á þjónustu kirkjunnar.

Stjórn Prestafélags Íslands hefur nú óskað eftir því að Þjóðkirkjan - Biskupsstofa taki á sig kostnað vegna innheimtu aukaverka presta í tengslum við andlát. Samið verði við Kirkjugarðasambandið um að það taki að sér að innheimta aukaverkagreiðslur presta vegna kistulagninga, útfara og duftkerja, en sambandið hafi þegar lýst yfir vilja sínum til þess við PÍ. Þannig beri prestar ekki sjálfir kostnað við innheimtuna heldur axli kirkjuþing ábyrgð á ákvörðun sinni í samkomulaginu við ríkið síðan í september með þessum hætti.

Bent er jafnframt á að þegar kirkjuþing hafi samþykkt viðbótarsamninginn hafi því verið haldið fram að kjör presta yrðu óbreytt en með þeirri breytingu sem þar hafi verið samþykkt á innheimtu vegna útfara, sé ljóst að svo er ekki. Við það geti prestastéttin ekki unað.

Hér er lagt til að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa tryggi að prestar fái greiddan óskerta þóknun og aksturskostnað vegna þjónustu við útfarir. Að öðru leyti verði framkvæmdin á þessu á hendi stofunnar. Stofan getur t.d. samið við Kirkjugarðasambandið um þjónustu þessa gegn greiðslu umsaminnar innheimtuþóknunar. Reiknað er með því að stofan taki á sig að svo stöddu greiðslur vegna þeirra dánarbúa sem ekki geta greitt útfararkostnað. Miðað er við að heimild þessi verði tímabundin og falli brott um næstu áramót. Er þá gengið út frá því að Kjaranefnd þjóðkirkjunnar, sbr. 5. mál kirkjuþings 2020-2021, verði sett á laggirnar með samþykkt starfsreglna þar um.